

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Carl Finsen f. h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar eiganda v/b „Arnbjörn Ólafsson“, greiði stefnendum, eigendum og skipshöfn b/v „Berkshire“, kr. 4500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. marz 1937 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1939.

Nr. 11/1937 Jónas Sveinsson

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f.
h. sýslusjóðs** (Jón Ásbjörnsson).

Skuldamál. Kröfum visað frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. febr. 1937, hefir krafizt þess aðallega, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 78.78, en til vara kr. 286.73, hvorttveggja með 6% ársvöxtum frá 28. sept. 1933 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að niðurstaða héraðsdóms um kröfur í aðalsök þessa máls í héraði er ekki véfengd, þá ber að staðfesta hana, þar á meðal um greiðslu málskostnaðar. En fyrir kröfum í gagnsök í héraði er

ekki svo skýr grein gerð sem nauðsynlegt er til að leggja dóm á þær að efni til, og þykir því rétt að vísa gagnsökinni frá héraðsdómi, enda falli málskostnaður í henni niður, eins og í héraðsdómi segir.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Niðurstaða héraðsdóms í aðalsök í héraði á að vera óröskuð.

Gagnsök í héraði visast frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Jónas Sveinsson, greiði stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. des. 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. marz 1934 af cand. jur. Hilmar Thors, hér í bæ, f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu gegn Jónasi Sveinssyni lækni, Sólvalla-götu 12 hér í bænum, til greiðslu húsaleiguskuldar fyrir læknisbústaðinn á Blönduósi að upphæð kr. 1058.23 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1933 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta M. F. Í. eða mati réttarins.

Aðalstefndur hefir viðurkennt kröfu aðalstefnanda í aðalsök, en jafnframt hefir hann að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun með stefnu útgefinni 10. apríl 1934 höfðað gagnsök og í henni gert þær kröfur, að gagnstefndur (aðalstefnandi) verði með eða án skuldajafnaðar við dómkröfur aðalsakar dæmdur til að greiða sér kr. 1665.15, en þá upphæð hefir hann þó fært niður í kr. 1348.50, með 6% ársvöxtum frá 28. september 1933 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í gagnsök krefst gagnstefndur aðallega frávisunar á gagnsökinni sökum þess að hún sé ólöglega höfðuð, en þeirri kröfu hefir verið hrundið með úrskurði í rekstri málsins. Til vara krefst hann sýknu, og málskostnaðar krefst hann, hver sem úrslit gagnsakar kunna að verða.

Tildrög máls þessa eru þau, að aðalstefndur, sem var héraðslæknir á Blönduósi, skuldaði aðalstefnanda húsaleigu fyrir læknisbústaðinn þar fyrir árin 1932 og 1933, samtals að upphæð kr. 1483.33. Gaf sýslumaður Húnavatnssýslu út tvær ávisanir á aðalstefndan fyrir þessari upphæð og skyldu þær greiðast til sjúkrahússins á Blönduósi. Aðalstefndur ritaði á ávisanir þessar, að þær ættu að greiðast sín vegna af gjaldkera sjúkrahússins á Blönduósi. Greiðslan fór þó aldrei fram, og höfðaði aðalstefnandi því mál þetta til greiðslu ávisanaupphæðanna, kr. 1483.33 að frádregnum kr. 425.10, sem hann þó í rekstri málsins hefir talið dregnar frá um skyldu fram og hefir áskilið sér rétt til að stefna út af í sérstöku máli.

Aðalsök. Eins og áður getur, eru dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök viðurkendar, og er því ekki ástæða til að athuga þær nánar.

Gagnsök. Kröfur í gagnsökinni byggir gagnstefnandi á því, að sjúkrahúsið á Blönduósi, sem gagnstefndur (aðalstefnandi) eigi og reki, skuldi sér upphæð þá, er í gagnsök sé krafizt. Skuld þessa kveður gagnstefnandi vera fyrir meðöl og hjúkrunargögn, er hann hafi látið sjúkrahúsinu í té úr lyfjabúð sinni, og því beri að borga.

Sýknukröfuna byggir gagnstefndur á því, að samkvæmt samningi milli málsaðilja hafi gagnstefnanda sjálfum borið að leggja til þau meðöl og hjúkrunargögn, sem hann nú telji sig hafa látið sjúkrahúsinu í té gegn ákveðnu gjaldi frá sjúklingum sjúkrahússins, sem hann hafi sjálfur átt að innheimta. Sér geti því ekki borið nein skylda til að greiða upphæð þessa, jafnvel þótt rétt væri, að gagnstefnandi hefði lagt sjúkrahúsinu meðöl þau og hjúkrunargögn, sem hann stefni til greiðslu á.

Samkvæmt útdrætti úr gjörðabók sjúkrahússins á Blönduósi, sem lagður hefir verið fram, gerðu aðiljar svohljóðandi samning sín á milli 14. júlí 1932:

„Héraðslæknirinn (þ. e. gagnstefnandi) tekur að sér að leggja til nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl. gegn

aukagjaldi frá sjúklingum og gjaldi frá rikissjóði fyrir sötthreinsunarlyf“.

Á fundi stjórnarnefndar sjúkrahússins, sem gagnstefnandi var mættur á, og haldinn var 16. maí 1933, er eftirfarandi bókað: „Jónas Sveinsson læknir mætti á fundinum, og var samið við hann að leggja til lyf og lyfjabúðarvörur, sem með þarf frá 14. maí 1933—14/5 1934, með sömu kjörum og síðastliðið ár, að hann setji sem aukagjald á reikning skurðarsjúklinga kr. 15.00. Fyrir sjúklinga, sem ganga í ljós og ekki eru á sjúkraskýlinu tekur læknir enga borgun“. Undir bókun þessa skrifaði gagnstefnandi samþykki sitt.

Gagnstefnandi heldur því fram, að samningur sinn við gagnstefndan hafi aðeins tekið til skurðsjúklinga. Sér hafi aðeins borið að leggja þeim til „nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl.“, enda hafi aukagjaldið aðeins verið lagt á reikninga þeirra. Lyfjabúðarvörur þær, sem hann stefni til greiðslu á í gagnsökinni, hafi hinsvegar allar runnið til annara sjúklinga og sjúkrahússins sjálfs, og þareð samningurinn nái ekki til þessa og hann hafi því ekki lagt aukagjald á reikninga annara sjúklinga en skurðsjúklinga, þá beri gagnstefndum að greiða sér umstefnda upphæð.

Gagnstefndur heldur því hinsvegar fram, að samkvæmt samningum aðilja hafi gagnstefnanda borið að leggja öllum sjúklingum sjúkrahússins til „nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl.“, og hafi honum verið heimilt að leggja fimmtán króna aukagjald á reikning allra sjúkrahússjúklinganna, sem ekki voru sérstaklega undanteknir, og hafi þetta aukagjald átt að vera full greiðsla til gagnstefnanda fyrir lyfjabúðarvörur til sjúkrahússins. Gagnstefnandi hafi sjálfur átt að sjá um innheimtu gjaldsins, og hafi hún verið alveg á hans áhættu, sér geti því ekki borið að greiða hina umstefndu skuld, jafnvel þótt rétt væri, sem hún þó ekki sé.

Í máli þessu hefir verið lagt fram vottorð setts sýslumanns í Húnavatnssýslu dags. 5. nóv. 1934, þar sem segir, að samkvæmt reikningum sjúkrahússins og sjúklingabók þess hafi gagnstefnandi tekið 15 kr. aukagjald fyrir hvern sjúkling á sjúkrahúsinu, eða árið 1932 fyrir 52 sjúklinga og árið 1933 fyrir 89 sjúklinga.

Ennfremur hefir verið lagt fram vottorð gjaldkera sjúkrahússins um það, að sjúklingar á sjúkrahúsinu hafi verið

árið 1932 113 og árið 1933 165, en aukagjald aðeins verið tekið af þeim, sem svæfðir voru eða deyfðir til aðgerða. Vottorð þetta er dagsett 17. des. 1935 og hefir sami setti sýslumaður í Húnavatnssýslu ritað á það, að tölurnar séu rétt teknar upp eftir sjúklingabók sjúkraskýlisins á Blöndu-ósi.

Rétturinn telur nú, að enda þótt fyrra vottorðið virðist gefa það í skyn, að aukagjaldið hafi verið tekið af öllum sjúklingum, er á sjúkrahúsið komu, þá sé hér aðeins um ónákvæmt orðalag að ræða, og sé átt við, að aukagjaldið hafi verið tekið af öllum skurðsjúklingum, en siðara vottorðið verður talið sanna, að aukagjaldið hafi ekki verið tekið af öðrum sjúklingum. Þrátt fyrir orðalag samningsins í bókuninni frá 14. júlí 1932, verður rétturinn því að telja, að tilætlun aðilja hafi aðeins verið sú, að samningurinn heimilaði gagnstefnanda að leggja umrætt aukagjald á skurðsjúklinga, sbr. og orðalag siðari bókunarinnar um þetta atriði.

Ög með því að rétturinn telur mjög óeðlilegt, að gegn því að leggja aukagjaldið á skurðsjúklinga eina hafi gagnstefnandi átt að láta öllum sjúklingum sjúkrahússins í té „nauðsynleg lyf úr lyfjabúð, umbúðir o. fl.“ án annars endurgjalds, og með því að það verður ekki talið sannað gegn neitun hans, þá verður rétturinn að fallast á þann skilning gagnstefnanda, að honum beri sérstakt endurgjald fyrir þau lyf, umbúðir o. fl., sem hann hefir látið aðra sjúklinga sjúkrahússins og sjúkraskýlið sjálft fá.

Gagnstefnandi hefir lagt fram „reikning“ um vörur þær, sem hann telur sér bera sérstaka greiðslu fyrir frá gagnstefndum. Gagnstefndur hefir mótmælt hverjum einstökum lið þessa „reiknings“, sumum úttektarliðunum vegna þess að úttektirnar hafa aldrei átt sér stað, en öðrum á þeim grundvelli, að það, sem út var tekið, hafi gagnstefnandi sjálfur átt að borga vegna þess að það hafi verið notað við skurðarsjúklinga. Gagnstefnandi hefir haldið því fram, að mótmæli þessi séu of seint fram komin, en eftir flutningi málsins telur rétturinn þau hafi komið fram eins fljótt og ástæða var til þeirra, og verða þau því talin fullgild.

Eins og hér stendur á, telur rétturinn sönnunarbyrðina fyrir því, að úttektirnar hafi farið fram svo og því, að lyfjabúðarvörurnar hafi verið notaðar handa sjúklingum,

sem ekki voru skurðsjúklingar, eða sjúkrahúsinu sjálfu, hvíla óskipt á gagnstefnanda. Í málinu hefir verið lagt fram nótarialiter staðfest afrit af „kladda“ gagnstefnanda, og nær það yfir nokkurn hluta tíma þess, sem úttektirnar samkvæmt „reikningnum“ hafa farið fram á. Afrit þetta er að langmestu leyti gersamlega ósamhljóða „reikningnum“ og ber það með sér, að bók sú, sem það er tekið eftir, hefir ekki fullnægt þeim skilyrðum, að hún verði talin frumbók í merkingu laga um verzlunarbækur nr. 53 frá 1911, og með því að gagnstefnandi hefir heldur ekki sannað úttektir þær, sem mótmælt er á annan hátt, eða að úttektir þær, sem ekki er mótmælt, hafi verið notaðar handa öðrum sjúklingum en skurðsjúklingum eða sjúkrahúsinu sjálfu, þá er ekki unnt að taka kröfur hans í gagnsökinni til greina.

Einn liður gagnsakar er „ýmsar greiðslur vegna hússins, kr. 175.65“. Það verður ekki séð, að liður þessi hafi verið lagður tilhlýðilega til sátta, og verður því að vísa honum frá dómi, enda hefir gagnstefndur sérstaklega krafizt þess.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að kröfur aðalstefnanda í aðalsök verða allar teknar til greina, og ákveðst málskostnaður honum til handa kr. 150.00.

Í gagnsökinni verður liðnum „ýmsar greiðslur vegna hússins kr. 175.65“ vísað frá dómi, en af öðrum kröfum gagnsakar á gagnstefndur að vera sýkn og á málskostnaður í henni að falla niður.

Gagnstefndur hefir krafizt þess, að orðið „rökfals“ í einu gagnsóknarskjali umboðsmanns gagnstefnanda verði ómerkt, og ber að taka þá kröfu hans til greina.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök greiði aðalstefndur, Jónas Sveinsson, aðalstefnandanum, Hilmarí Thors f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, kr. 1058.23 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1933 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Í gagnsök visast liðnum „ýmsar greiðslur vegna hússins kr. 175.65“ frá dómi, en af öðrum kröfum gagnstefnanda í gagnsök á gagnstefndur að vera sýkn, og á málskostnaður í gagnsökinni að falla niður. Orðið

„rökfals“, sem að ofan er nefnt, á að vera dautt og ómerkt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1939.

Nr. 114/1938. **Sigurjón Waage** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Guðlaugi Oddssyni (Pétur Magnússon).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 19. okt. f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. nóv. s. á., hefir krafizt aðallega algerðrar sýknu af kröfum stefnda í máli þessu, en til vara, að upphæð sú, sem dæmd kynni að verða, verði lækkuð frá því, er í héraðsdóminum segir, eftir mati hæstaréttar. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Atbeini stefnda við björgun v/b „Jón Dan“, er í máli þessu getur, var veittur eftir beiðni fyrirsvarmanns og formanns bátsins, og átti stefndi þegar þess vegna beinan aðgang að áfrýjanda um borgun fyrir starf sitt. Verður sýknukrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Eftir skýrslu formannsins á v/b „Jón Dan“, sem lögð hefir verið fram fyrir hæstarétti, segir, að brim hafi verið, að báturinn hafi verið nokkuð brotinn og leki að honum kominn, þar sem hann sat fastur